

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, austursvæði Vatnsmýrar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. maí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun á hluta austursvæðis Vatnsmýrarinnar breytist og byggingarsvæði milli flugvallar og Öskjuhlíðar stækkar til suðurs um 20 ha. Landnotkun næst Öskjuhlíð breytist úr opnu svæði til sérstakra nota í miðsvæði og landnotkun í vestur- og suðurjaðri Háskólans í Reykjavík verður blönduð, miðsvæði og opið svæði til sérstakra nota. Lega Öskjuhlíðarganga breytist og gangamunninn færir norðar. Gert er ráð fyrir samgöngu- miðstöð á svæði II og lóð fyrir Háskólann í Reykjavík milli flugvallar og Öskjuhlíðar.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 18. maí 2007.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.